

45. fundur háskólaráðs Háskólans á Hólum, haldinn heima að Hólum hinn 19. júní 2015, kl. 09:00.

Mætt voru:

Heima á Hólum: Erla Björk Örnólfsdóttir rektor, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Jón E. Friðriksson og Sveinn Ragnarsson. Í fjarfundi frá Keldnaholti: Emma Eyþórsdóttir. Katrín Sigurðardóttir og Helgi Sigurðsson boðuðu forföll.

Hjördís Gísladóttir ritaði fundargerð.

Erla Björk setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún stýrði fundi, sem hófst með framlagningu dagskrár til samþykktar, og síðan fundargerðar 43. fundar, til undirritunar.

Áður útsend dagskrá samþykkt, til hennar gengið:

1. Sýn Háskólans á Hólum á afrakstur starfshóps um sameiningu háskóla í Norðvesturkjördæmi. Næstu skref.

Erla Björk kynnti útdrátt úr drögum að lokaskýrslu starfshópsins. Hún tók fram að starfsfólk Háskólans á Hólum hefði áður hlotið sambærilega kynningu á sérstökum fundi. EBÖ lýsti áhyggjum sínum af ómarkvissum vinnubrögðum við gerð skýrslunnar, sem meðal annars komi fram í skorti á greiningu og samræmi.

Einnig kom fram að athugasemdir hennar hafi ekki hlotið hljómgrunn, en að skjal sem hún hafði lagt fram sem drög að lýsingu á forsendum þróunar Háskólans á Hólum yrði hengt við sem viðauki, undir fyrirsögninni „Forsendur sjálfbærs rekstrar Háskólans á Hólum“. Sambærilegur viðauki er frá Lbhí.

Í lok kynningarinnar varpaði hún fram spurningunni um, hvernig það horfði við ráðinu að skila skýrslunni inn til ráðherra, óbreyttri.

Allir viðstaddir háskólaráðsmenn tóku til máls að kynningu lokinni og tóku undir þær athugasemdir sem rektor hafði gert, helstar þær að:

- skýra hugmyndafræði og stefnu skorti (unnið er að stefnumörkun fyrir háskólanám, hvergi kemur fram að litið sé til þeirrar vinnu)
- byggt sé á veikum grunni og rakalausum, vinnubrögðin ómarkviss
- eðlilegt væri að leita umsagnar óháðra aðila, t.d. gæðaráðs háskóla
- jákvætt sé að undirfjármögnun háskólanna sé staðfest
- ennfremur sé jákvætt að stefnt skuli að eflingu nets opinberra háskóla

JEF velti upp spurningunni um byggðastefnu í landinu og hvatti til samráðs við sveitarstjóra Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

SR lýsti áhyggjum af skorti á fagmennsku við gerð skýrslunnar. Spurði hvað lægi að baki því að draga álit tveggja af rektorum háskólanna þriggja sérstaklega út, eins og dragbíta.

GPG velti upp spurningunni um, hver stýri ferlinu. Einnig velti hún fyrir sér hvers vegna endurmenntun er gert sérstaklega hátt undir höfði í skýrslunni og hvers vegna námsframboð á framhaldsskólastigi komi við sögu áætlaðs samstarfs þriggja háskóla. EE spurði hvað skýrsluhöfundar hafi fyrir sér í tilvísun á álit sveitarstjórna.

EBÖ upplýsti að hún og rektor Lbhí eiga að skila viðaukunum fullnum strax eftir helgi.

Niðurstaða umræðna: Þar sem einungis er um að ræða drög að skýrslu, er ekki tímabært að álykta beint um innihald hennar. Allir ráðsmenn lýstu hins vegar áhyggjum sínum af vinnubrögðunum við vinnslu skýrslunnar. Enn fremur leggja þeir áherslu á mikilvægi háskólanna sem starfsstöðva á landsbyggðinni.

Í lok dagskrárliðarins samþykkti háskólaráð eftirfarandi ályktun:

Háskólaráð Háskólans á Hólum fagnar umræðu um þróun háskólakerfisins á Íslandi og vekur athygli á mikilvægi gæða skólastarfs í allri umræðu um uppbyggingu þess. Jafnframt telur háskólaráð brýnt að tryggja fjölbreytt námsframboð íslenskra háskóla og efla þá með hliðsjón af samkeppnishæfni íslenskra fræðasviða og tengslum við íslenskt atvinnulíf og samfélag um land allt. Háskólinn á Hólum er sérhæfð og vaxandi menntastofnun sem veitir einstaklingum sem áhuga hafa á að starfa í ört vaxandi atvinnugreinum íslensks efnahagslífs tækifæri til menntunar.

Háskólaráð leggur áherslu á eflingu nets opinberu háskólanna og ítrekar mikilvægi þess að ákvarðanataka um sameiningar eða aðrar breytingar á starfsumhverfi háskóla byggji á faglegum greiningum og ráðgjöf sérfróðra aðila um stefnumörkun háskólastarfs.

2. Önnur mál

- a. EBÖ skýrði frá umtalsverðri fjölgun umsókna um skólavist við Háskólann á Hólum. Umsóknir eru fleiri en á síðasta ári og á það við um allar deildir skólans. Heildarfjöldgun umsókna nemur 25%, miðað við árið 2014.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið kl. 10:44.